



Fjölís

SKÝRSLA STJÓRNAR 2015 -2016

YFIRLIT YFIR STARF STJÓRNAR APRÍL 2015-APRÍL 2016

Á aðalfundi Fjölls þann 30. apríl 2015 var ný stjórn skipuð yfir félagið.

Aðalstjórn er þannig skipuð:

Halldór Þ. Birgisson, formaður f.h. FÍBÚT
Ragnar Th. Sigurðsson, varaformaður f.h. Myndstefs
Jón Yngvi Jóhannsson, f.h. Hagþenkis
Sindri Freysson, f.h. RSÍ
Kjartan Ólafsson, f.h. STEF
Hjálmar Jónsson, f.h. Blaðamannafélags Íslands
Gylfi Garðarsson, f.h. Sítons

Varamenn eru:

Egill Örn Jóhannsson, f.h. FÍBÚT
Knútur Bruun, f.h. Myndstefs
Friðbjörg Ingimarsdóttir, f.h. Hagþenkis
Jón Kalman Stefánsson, f.h. RSÍ
Hrafnkell Pálmarsson, f.h. STEF, Guðrún Björk Bjarnadóttir tók við af Hrafnkeli í desember 2015
Arndís Þorgeirsdóttir, f.h. Blaðamannafélags Íslands
Björgvin Þ. Valdimarsson, f.h. Sítons

Verkefni starfsársins hafa falist í því að viðhalda viðræðum um stóra skólasamninginn, minna á og ýta á eftir. Það á einnig við um gerð rammisamnings við Samband sveitarfélaga. Fram undir árslok 2015 leit út fyrir að samningar tækjust við ríkið um yfirtöku á smærri samningum tengdum menntastofnunum. Því miður náðist það ekki fyrir samþykkt fjárlaga í árslok. Vegna þess þarf að endurnýja samning við háskólana þar sem eldri samningur rann út um mitt ár 2015. Mótmæli hafa einnig borist frá nokkrum tónlistarskólum og boðaðar uppsagnir á samningum. Framkvæmdastjóri hefur vísað þeim málum til Sambands sveitarfélaga þar sem Sambandið hefur milligöngu um gerð samninganna. Á starfsárinu hefur einnig verið haldið áfram með viðræður við kóra og endurmenntunarstofnanir. Þannig hefur verið gerð könnun hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða og lagður grunnur að könnun hjá Mími, símenntun í Reykjavík.

1 FUNDIR OG HELSTU VERKEFNI

Frá aðalfundi, 30. apríl 2015 hafa verið haldnir fimm hefðbundnir stjórnarfundir.

Formaður og framkvæmdastjóri áttu fund með fulltrúum ríkis og sveitarfélaga í september 2015 og tvo fundi með Sambandi sveitarfélaga í október 2015 til að freista þess að ljúka gerð stóra skólasamningsins og stjórnsýsluhluta samninga við sveitarfélögin. Ekki náðist að gera nauðsynlega baksamninga um kostnaðarskiptingu milli þessarra aðila til að unnt væri að ljúka samningnum og koma honum á fjárlög fyrir árið 2016.

Formaður og framkvæmdastjóri hafa ítekað óskað fundar með samráðsnefnd háskólastigsins til að ræða um endurnýjun samnings við háskólana, a.m.k. tímabundið þar sem ekki náðist að ljúka stóra skólasamningnum en til stóð að fella háskólasamninginn undir hann. Framkvæmdastjóri sendi beiðni þess efnis til starfsmanns nefndarinnar þann 4. janúar s.l. og

hefur sent ótal ítrekanir síðan, auk þess að setja sig í samband við aðstoðarmann háskólarektors í HÍ, án árangurs.

Haldnir hafa verið fundir með formönnum landssambanda kvennakóra og blandaðra kóra, söngmálastjóra þjóðkirkjunnar, formanni Kvasis, samtökum sí- og endurmenntunarmiðstöðva og framkvæmdastjórum Fræðslumistöðvar Vestfjarða og Mímis, símenntunar til að ræða um endurnýjun samninga og gera kannanir á notkun höfundaréttarvarins efnis. Standa þær viðræður enn.

Framkvæmdastjóri hefur reglulega fundað með framkvæmdastjórum annarra innheimtusamtaka m.a. til að fara yfir og meta efnislega inntak Evróputilskipunar 2014/26/EB um innheimtusamtök sem fara með kollektífar heimildir til innheimtu. Tilskipunin er enn í mótun innan ESB en gert ráð fyrir að hún verði innleidd á næstu misserum.

Viðurkennd innheimtusamtök höfunda, Fjölís, STEF, Myndstef og IHM stóðu fyrir sameiginlegu málþingi ásamt Bandalagi Íslenskra listamanna þann 18. mars 2016. Voru þar rædd ný ákvæði höfundalaga, samningskvaðir, eintakagerð til einkanota, virði verka á vefnum og um mikilvægi fræðslu um höfundarétt. Málþingið var haldið í lönó fyrir fullu húsi og var því streymt á vefnum einnig. Fulltrúar allra stjórnmalaflokka á Alþingi mættu til leiks til að eiga skapandi samtali um höfundarétt. Málþingið þótti heppnast vel og töldu þátttakendur nauðsynlegt að halda fleiri fundi þar sem fulltrúar löggjafans og fjárveitingarvaldsins hittu höfunda á ýmsum sviðum til að viðhalda tengslum og samtali um mikilvægi þess að tryggja stöðu höfunda.

Stjórnarformaður fór á sameiginlegan fund skandinavískra systursamtaka í Helsinki í lok ágúst 2015. Hann fór ásamt framkvæmdastjóra á ársfund alþjóðasamtaka höfundaréttarsamtaka Ifrro í Mexíkóborg í nóvember. Voru þar haldnir fundir með systursamtökum og ræddir m.a. möguleikar á samningum um aðgengi að erlendum efnisveitum og fleira í þeim dúr. Þar var einnig rætt um nýja dóma sem fallið hafa innan Evrópuþómstólsins og hafa sett sum systursamtök Fjölís í erfiða stöðu. Þeir hafa þó ekki fordæmisgefandi áhrif á Íslandi þar sem aðstaða hér er önnur.

2 TEKJUR OG GJÖLD

2.1 TEKJUR

Tekjur vegna stóra skólasamningsins eru sem fyrr stærsti einstaki tekjuliður vegna samninga Fjölís. Í gildi hafa verið tímabundnir samningar við sveitarfélög og háskólana sem runnu út í árslok 2014 eða um mitt ár 2015. Unnið er að endurskoðun þeirra og stefnt að undirritun nýrra samninga á árinu 2016.

Tekjur ársins 2015 voru skv. hér segir

	2015	2014
<i>Grunn-, framhalds- og -háskólar</i>	66.000.000	65.100.000
<i>Stjórnarráð Íslands og stofnanir þess</i>	9.300.000	9.100.000
<i>Reykjavíkurborg</i>	4.736.633	4.646.445

<i>Sveitarfélög utan Reykjavíkur</i>	1.896.945	1.896.880
<i>Kirkjuráð</i>	0	1.912.459
<i>Tónlistarskólar utan sveitarfélaga</i>	2.114.475	1.954.404
<i>Einkaskólar</i>	593.126	582.007
<i>Kórar</i>	1.350.015	1.218.862
<i>Háskólasamningur um stafræna eintakagerð</i>	17.974.450	17.710.432
<i>Erlend fjölföldun</i>	1.419.858	1.008.848
<i>VMST- syrkur vegna könnunar í háskólum</i>		869.076
<i>Kostnaður vegna háskólaönnunar – hlutur háskóla</i>		1.252.120
<i>Endurgreiddur kostnaður vegna stórfundar</i>		2.606.400
<i>Endurgreiddur vsk. Vegna gerðardóms</i>		93.212
<i>Samtals tekjur vegna samninga</i>	105.385.502	109.947.146

Afskriftir og leiðréttingar	0	-1.481.742
Vextir og gengismunur	642.958	1.195.036
<u>Fjármagnstekjuskattur</u>	<u>-154.611</u>	<u>-206.143</u>
	488.347	988.893
Samtals tekjur	<u>105.873.849</u>	<u>110.936.039</u>

2.2 GJÖLD

	2015	2014
<i>Laun og launatengd gjöld, þ.m.t. stjórnarlaun</i>	13.710.112	12.943.238
<i>Laun og launatengd gjöld v. könnunar</i>	0	3.542.622
<i>Ífrro fundir, ferðakostnaður</i>	1.041.133	0
<i>Ífrro félagsgjöld</i>	415.110	428.340
<i>Norrænir fundir, ferðakostnaður</i>	510.875	0
<i>Norrænn fundur Fjölíss og systursamtaka í Reykjavík</i>	0	3.306.349

Rekstrarkostnaður skrifstofu/félagsins	3.179.482	3.117.502
Aðkeypt þjónusta	0	269.825
Samtals rekstrarkostnaður	18.856.712	23.589.876

Heildarkostnaður nam á árinu 2015 17,8% af tekjum félagsins.

3 ÚTHLUTUN TIL AÐILDARFÉLAGA OG ERLENDRA RÉTTAFASAMTAKA

3.1 STÓRI SKÓLASAMNINGURINN

Greiðsla frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, vegna samnings um ljósritun í skólum nam 66.000.000 vegna skólaársins 2015-2016. Í mars 2016 var úthlutað 55.268.000 kr. Skipting var eftirfarandi skv. gagnkvæmnisamningum við erlend systursamtök og skv. samkomulagi aðildarfélaga þar um:

Aðildarfélag:	% hlutdeild innanlands	kr.
Erlendir réttihafar		3.089.366
FÍBÚT	23	12.001.086
Blaðamannafélag Íslands	3,5	1.826.252
Hagþenkir	36,5	19.045.201
Myndstef	23,5	12.261.979
Rithöfundasamband Íslands	10	5.217.863
STEF	3	1.565.359
Sítón	0,5	260.893
Samtals	100	55.268.000

3.2 STJÓRNARRÁÐ

Greiðslur vegna Stjórnarráðssamnings námu 9.300.000 kr. Í júní var úthlutað 7.648.829 kr. Skipting var eftirfarandi skv. gagnkvæmnisamningum við erlend systursamtök og skv. samkomulagi aðildarfélaga þar um:

Aðildarfélag:	% hlutdeild innanlands	kr.
Erlendir réttihafar		754.938
FÍBÚT	29	1.999.228
Blaðamannafélag Íslands	18	1.240.900

Hagpenkir	39	2.688.618
Myndstef	11	758.328
Rithöfundasamband Íslands	2	137.878
STEF	1	68.939
Samtals	100	7.648.829

3.3 KIRKJURÁÐ

Samningaviðræður við Kirkjuráð standa enn yfir og engar greiðslur bárust vegna notkunar á árinu 2015. Árið verður gert upp með nýjum samningi.

3.4 KÓRAR

Greiðslur vegna samninga við kóra námu 1.495.656 kr. Í desember var úthlutað 1.226.438 kr. Skipting var eftirfarandi skv. gagnkvæmnisamningum við erlend systursamtök og skv. samkomulagi aðildarféлага þar um:

Aðildarfélag:	% hlutdeild innanlands	kr.
Erlendir réttihafar		269.816
FÍBÚT	9,35	89.444
Blaðamannafélag Íslands	1	9.566
Hagpenkir	1	9.566
Myndstef	1	9.566
Rithöfundasamband Íslands	22	210.457
STEF	59,4	568.233
Sítón	6,25	59.789
Samtals	100	1.226.438

3.5 TÓNLISTARSKÓLAR

Greiðslur vegna samninga við tónlistarskóla námu 2.142.214 kr. og úthlutað 1.756.615 kr. Skipting var eftirfarandi skv. nýlegum gagnkvæmnisamningum við erlend systursamtök og skv. samkomulagi aðildarféлага þar um:

Aðildarfélag:	% hlutdeild	kr.
----------------------	------------------------	------------

	innanlands	
Erlendir réttihafar		590.423
FÍBÚT	9,38	109.039
Blaðamannafélag Íslands	1	11.662
Hagþenkir	1	11.662
Myndstef	2	23.324
Rithöfundasamband Íslands	10	116.619
STEF	70,4	821.000
Sítón	6,25	72.887
Samtals	100	1.756.615

3.6 STAFRÆNI HÁSKÓLASAMNINGURINN

Greiðslur vegna samninga um skönnun og rafræna dreifingu höfundaréttarvarins efnis við háskóla námu 17.974.450 kr. Á árinu 2015 var úthlutað 14.739.049 kr. Engar greiðslur voru inntar af hendi til erlendra réttihafa þar sem efni erlendra réttihafa var ekki inntak samningsins sem undirritaður var 2008. Skipting var eftirfarandi skv. samkomulagi aðildarfélaga þar um:

Aðildarfélag:	% hlutdeild innanlands	kr.
FÍBÚT	23,5	3.463.677
Blaðamannafélag Íslands	3,5	515.867
Hagþenkir	36,5	5.379.753
Myndstef	23,5	3.463.677
Rithöfundasamband Íslands	10	1.473.905
STEF	3	442.171
Samtals	100	14.739.049

3.7 STJÓRNSÝSLA SVEITARFÉLAGA

Greiðslur vegna samninga við sveitarfélög um ljósritun við stjórnsýslu og rekstur sveitarfélaga námu 5.569.321 kr. Á árinu 2015 var úthlutað 4.566.843 kr. skv. samkomulagi þar um:

Aðildarfélag:	% hlutdeild innanlands	kr.
Erlendir réttihafar		403.974
FÍBÚT	29	1.207.232
Blaðamannafélag Íslands	18	749.316
Hagþenkir	39	1.623.519
Myndstef	11	457.916
Rithöfundasamband Íslands	2	83.257

STEF	1	41.629
Samtals	100	4.566.843

3.8 EINKASKÓLAR

Greiðslur vegna samninga við einkaskóla um ljósritun og hliðstæða effirgerð námu 856.257 kr. Á árinu 2015 var úthlutað 702.131 kr. skv. samkomulagi þar um:

Aðildarfélag:	% hlutdeild innanlands	kr.
Erlendir réttihafar		229.793
FÍBÚT	21,5	101.553
Blaðamannafélag Íslands	3,5	16.532
Hagþenkir	40,5	191.297
Myndstef	21,5	101.553
Rithöfundasamband Íslands	10	47.234
STEF	3	14.170
Samtals	100	702.131

3.9 ERLENDAR TEKJUR

Greiðslur til íslenskra réttihafa vegna gagnkvæmnisamninga við erlend systursamtök námu 1.418.849 kr. á árinu 2015 og skiptust með eftirfarandi hætti skv. samkomulagi:

Aðildarfélag:	% hlutdeild innanlands*	kr.
FÍBÚT		68.005
Blaðamannafélag Íslands		7.061
Hagþenkir		279.998*
Myndstef		47.410
Rithöfundasamband Íslands		969.426*
STEF		46.949
Sítón		1.009
Samtals	100	1.418.849

* Hlutfall erlendra tekna ræðst af því hversu miklu er skilað af upplýsingum um einstaka höfunda. Þannig er aðildarfélögum tiltekinna höfunda skilað tekjum, fylgi upplýsingar um þá, annars er notast við skiptingarhlutfall skólasamninga, þar sem megnið af erlendum tekjum á rætur að rekja til slíkra samninga.

3.10 HEILDARÚTHLUTUN 2015

Heildarúthlutun Fjölíss á innheimtum tekjum ársins 2014 nam 87.975.377 kr., þ.a. 82.796.017 innanlands eða 94% af heildarúthlutun. Hún skiptist með neðangreindum hætti á milli erlendra rétthafa og aðildarféлага innanlands:

Aðildarfélag:	% hlutdeild innanlands	kr.
VG WORT, DE		321.652
CopyDan, DA		435.720
Bonus Copyright Access, SE		343.301
Copyright Licensing Agency, UK		2.285.072
Copyright Clearance Center, USA		1.902.394
FÍBÚT	23,1	19.203.561
Blaðamannafélag Íslands	5,3	4.433.168
Hagþenkir	34,9	29.469.710
Myndstef	20,6	17.242.810
Rithöfundasamband Íslands	9,2	8.327.627
STEF	6,3	3.612.618
Sítón	0,6	397.744
Samtals		87.975.377

4 SAMNINGAMÁL

4.1 MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Tilboð Fjölíss um heildarsamning sem næði til alls skólstarfs í landinu, lá á borði ráðuneytisins frá aprílmánuði 2013 og fram í desember 2014 án þess að brugðist hafi verið við ítrekuðum beiðnum um framhald viðræðna á því tímabili. Í nóvember og desember 2014 áttu formaður og framkvæmdastjóri Fjölíss fundi með fulltrúum ráðuneytisins um framhald á samningaviðræðum um heildarsamning vegna alls skólstarfs í landinu. Á seinni fundinum lýstu fulltrúar ráðuneytisins því yfir að hafist yrði handa við það í ráðuneytinu að ganga til viðræðna við háskóla, sveitarfélög og endurmenntunarstofnanir um yfirtöku á samningum tengdum menntastarfi. Hafist var handa við gerð baksamninga við háskólana og sveitarfélögin til að unnt yrði að ljúka samningsgerð og koma henni inn á fjárlög. Vegna dráttar sem rekja má m.a. til sveitarfélaganna varð þó ekki af samningsgerð í tíma þannig að hann bíður ársins 2016. Það sem af er ári 2016 hefur verið unnið að samningsgerðinni, bæði í menntamálaráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu í því skyni að ljúka henni á árinu. Um áramótin urðu hins vegar breytingar á lögum, m.a. með gildistöku laga nr. 123/2015 um opinber fjármál sem koma í veg fyrir samningsgerð til lengri tíma en fimm ára. Slíkar forsendubreytingar kalla á upptöku annarra forsendna og hefur framkvæmdastjóri gert ráðuneytinu grein fyrir því.

4.2 HÁSKÓLAR

Samningar við innlenda háskóla runnu út um mitt ár 2014, um það leyti sem framkvæmd könnunar hófst. Eftir að niðurstöður hennar lágu fyrir á haustmánuðum, lögðu formaður og framkvæmdastjóri áherslu á að kalla eftir afstöðu menntamálaráðuneytis til þess að taka yfir samning við háskólana eins og rætt hafði verið vorið 2013. Eftir fundi í ráðuneytinu í nóvember og desember 2014 var ljóst að ekki yrði af samningsgerð í bráð og alls óvíst um niðurstöður viðræðna milli aðila. Formaður og framkvæmdastjóri áttu þá fund með samráðsnefnd háskólastigsins og gerðu grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar og óskuðu þess að strax yrði gengið til samninga við Fjölís. Var þeirri beiðni svarað með því að skipa fulltrúa frá skólunum til að ganga til samningaviðræðna við menntamálaráðuneytið um yfirtöku á samningum háskólanna. Ekkert varð af samningsgerðinni af ástæðum sem lesa má um í kafla 4.1. Framkvæmdastjóri Fjölíss hefur síðan 4. janúar 2016 ítrekað reynt að ná sambandi við starfsmann samráðsnefndar háskólastigsins og aðstoðarmann rektors HÍ, án árangurs.

4.3 KÓRAR

Viðræður við formenn Landssambanda kvenna-, karla- og blandaðra kóra um endurskoðun á forsendum samninga hófust í janúar 2015. Þar voru ræddar hugmyndir um að samböndin ynnu að gerð rammasamnings með Fjölís, eftir atvikum að undangenginni könnun. Fjölís gerði það að tillögu sinni að til að finna út umfang þess efnis sem kóranir afrita í starfi sínu verði tekið úrtak kóra og efnisskrár tónleika 3-5 ár aftur í tímann skoðaðar. Landssamband kvennakóra og Landssamband blandaðra kóra hafa fengið umboð sinna aðildarkóra til að ganga til samningsgerðarinnar og vinna með Fjölís að því að ljúka rammasamningi. Búið er að taka fyrstu skrefin í gerð slíkrar könnunar sem stendur yfir. Landssamband karlakóra hefur enn sem komið er, ekki séð sér fært að ganga til slíks samstarfs.

4.4 KIRKJURÁÐ

Viðræður við söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar hófust í janúar 2015 og stendur endurskoðun á forsendum samnings enn yfir.

4.5 SVEITARFÉLÖG

Viðræður við fulltrúa Sambands sveitarfélaga hafa staðið með hléum hálf fjórða ár. Viðræður hafa ítrekað verið settar á ís á meðan beiðið var viðbragða menntamálaráðuneytisins við yfirtöku tónlistarskólahluta samninganna. Fari svo að ríkið taki yfir samninga sem varða ljósritun og skönnun í tónlistarskólum, stendur eftir endurskoðun stjórnsýsluhluta samninganna. Samningar Fjölíss og sveitarfélaganna innihalda ákvæði um könnun á umfangi höfundaréttarvarins efnis. Þar er gert ráð fyrir að fenginn verði óháður utanaðkomandi aðili til að gera slíka könnun. Samningsaðilar hafa reynt að komast hjá því að gera dýra könnun og nú liggja tillögur á borði Sambands sveitarfélaga um nýleg norræn viðmið sem Fjölís telur vel unnt að fylgja. Sambandið telur að ljúka þurfi við gerð stóra skólasamningsins áður en unnt verði að ljúka viðræðum um stjórnsýsluhlutann þar sem hvort tveggja hangi saman.

5 ERENT SAMSTARF

NORRÆNN STÓRFUNDUR Í HELSINKI

Af óviðráðanlegum ástæðum komst framkvæmdastjóri ekki á norrænan stórfund sem haldinn var í Helsinki í ágústlok. Formaður sótti þann fund einn af þeim sökum. Dagskrá fundarins var með hefbundnu sniði og rætt var um þróun undanþága í höfundarétti í Evrópu, um milliríkjasaminga á sviði höfundaréttar og heildarleyfissamninga auk Evróputilskipunar sem nú er unnið að því að taka upp á Norðurlöndunum. Þá var einnig metnaðarfull dagskrá sem varðar þróun rafræns kennsluefnis og kennsluaðferða með snjalltækjum.

IFRRO FUNDUR

Formaður og framkvæmdastjóri sóttu árlegan fund Ifrro í Mexíkóborg í nóvember. Að venju áttu þau fundi með systursamtökum þar sem rætt var um endurnýjun og endurskoðun á þegar gerðum samningum, gerð nýrra samninga, lagabreytingar og upptöku tilskipana, nýlega dóma og annað sem áhrif hefur á samfélag innheimtusamtaka á sviði höfundaréttar.

VERKEFNI FRAMUNDAN

Ljóst er að forsendur samninga við menntamálaráðuneytið hafa að einhverju leyti breyst, ekki síst með gildistöku laga um opinber fjármál nr. 123/2015 þar sem kveðið er á um að ekki sé heimilt að gera samninga til lengri tíma en fimm ára í senn. Endurskoða þarf allar forsendur að nýju þegar ráðuneytið og sveitarfélögin hafa unnið sína undirbúningsvinnu. Unnið er að gerð kannana meðal símenntunarmiðstöðva og kóra og verða samningar endurnýjaðir þegar niðurstöður þeirra liggja fyrir.


Unnið er að gerð könnunar hjá Mími símenntun. Framkvæmdastjóri mun fá aðgang að innri vef Mímis til að skrásetja efni í úrtaksnámskeiðum. Niðurstöður hennar verða notaðar í viðræðum við símenntunarmiðstöðvarnar ásamt könnuninni sem gerð var hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða í mars.

Unnið er að gerð könnunar meðal kóra til að leggja drög að nýjum samningi.

Framkvæmdastjóri mun sitja fimm daga námskeið í höfundarétti í Amsterdam í byrjun júlí 2016 þar sem farið verður yfir nýjustu strauma og stefnur í höfundaréttarlegum málefnum.

Norrænn stórfundur verður haldinn í Kaupmannahöfn í ágúst 2016 og Ifrro fundur í Amsterdam í nóvember sama ár.

20. apríl 2016



Halldór Þ. Birgisson
formaður